

verið eins frí við heimsku og hindurvitni. Virðing syrir sannleika, réttlæti og mannúð fer vaxandi með degi hverjum. Ófagur hugsunarháttur og ógöfug trúarkredda er farið að verða mönnum eins tilfinnanlega leitt eins og illverk og ófagrarr gerðir.

Rannsóknum heldur áfram. Austurlenzku fornfræðafélög-in skortir hvorki fé né tilhjálp að rannsaka rústir fornra menningarstaða. Það er vegna virðingar fyrir því sanna, og eins að láta jafnvel dauðan bókstaf ná rétti sínum, að enn er leitað að skýringargögnum fyrir ýmsum kenningum og stadhæfingum ritningaránnar, að bibliurannsóknirnar eru ekki alveg hattar og álitnar loknar. Það er til þess að skilja og komast ennþá betur að menningu og tíðaranda höfunda hinna fornu rita, að enn er verið að róta til rústum fornaldarborga Austurlanda, en ekki vegna þess að það álit sé ekki fyrir löngu orðið ofan á, að *ekki cítt einasta orð þeirra rita sé innblásið*. Það er löngu samþykt. En bíblían er rétthá bók, er öldum saman hefir ráðið yfir hugum og hjörtum, svo að segja allra Norðurálfu og Vesturálfu búa. Hún á því skilið að henni sé allur sómi sýndur sem sérstökri ritin fornaldarinnar, og það ekki sízt, fyrst rannsóknir um gildi hennar og uppruna leiða til svo mikillar og fjölbreytilegrar þekkingar á öðrum greinum, sem síðum fræðum og menningu þeirra tíma.

En niðurstaða þessara rannsókna er orðin að almennings eign, og því farið að hreinsa til. Það er eins og menn séu farnir að gera sér almennan eldhúsdag. Það hefir verið leitað að nýjum grundvelli, er byggja mætti á lífsskoðanir manna, er meir væri samhljóða nútíðar þörfum en sá eldri, -- sameiginlegum fyrir trú, siðgæði, hversdags breytni. Og um leið er gert nýtt mat. Vald kenningaránnar hvílir ekki lengur í kyrkjunni, sem guðlegri stofnun, ekki í opinberun sem guðlegri bending til mannanna, ekki í afturhvarfi og trúarhita, sem náðarverkum heilags anda, heldur í samvizku lögmalinu sjálfu og skynsemis samþykki sérhvers manns. Sé matsmiðill trúarinnar óeðlilegur, þá er trúin áhrifalaus og breytni og hugarfar manna semur sig eftir öðru sannleiksgildi, skapar sér nýtt réttlætis mið. Og hvort sem kyrkju og prestum hennar þóknast að kalla það „ó-